

Tillaga	A 1970/UVU
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu A 1970/UVU um að flýta fyrir afnámi stjórnsluhindrana með eflu starfsumboði fyrir Stjórnsluhindranaráðið

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að efla vinnu við afnámstjórnsluhindrana og koma í veg fyrir nýjar stjórnsluhindranir og setja þetta starf í forgang.
- að efla umboð Stjórnsluhindranaráðsins meðal annars með háu mælanlegu markmiði um hversu margar stjórnsluhindranir skuli afnumdar á hverju ári.

Bakgrunnur

Til að framtíðarsýnin um Norðurlönd sem samþættasta og sjálfbærasta svæði heims árið 2030 verði uppfyllt verður að auka og leggja meiri áherslu á vinnuna að því að afnema og fyrirbyggja stjórnsluhindranir. Stjórnsluhindranaráðið og Stjórnsluhindranahópurinn eru lykilaðilar í þessari vinnu. Þessir aðilar þurfa að fá eftt starfsumboð og metnaðarfyllri markmið.

Þess vegna var það fagnaðarefni þegar starfsumboð Stjórnsluhindranaráðsins var eftt á mörgum sviðum árið 2022. Fyrst og fremst var starfsumboð ráðsins á erfiðleikatímum eftt. Ráðið hefur nú fengið það verkefni „Að á erfiðleikatímum stuðla að betri þekkingu á skilvirkari norrænni samræmingu um vandamál tengd frjálsri för með því að upplýsa ríkisstjórnir og viðeigandi ráðherranefndir og svið um slík vandamál á Norðurlöndum, ekki síst á landamærasvæðum, og vera til staðar með þekkingu sína og reynslu.“

Þetta aukna umboð er eðlileg afleiðing reynslunnar af kórónuveirufaraldursins, þegar norræn samræming gekk alls ekki fyrir sig eins og hún á að gera. Í ársskýrslu Stjórnsluhindranaráðsins 2020/2021 kemur fram að allt að 121 raskanir vegna heimsfaraldursins voru tilkynntar áfram til norrænu ríkisstjórnanna og annarra aðila sem geta leyst stjórnsluhindranir. Aukið starfsumboð Stjórnsluhindranaráðsins til að bregðast við á erfiðleikatímum mun vonandi stuðla að því að þau mörgu alvarlegu vandamál og raskanir á frjálsri för á Norðurlöndum sem komu upp í kórónuveirufaraldrinum endurtaki sig ekki.



Það sem er áhyggjuefni er þó að mælanleg markmið í starfi Stjórnsýsluhindranaráðsins hafa lækkað. Í starfsumboði ráðsins 2022-2024 er markmiðið að afnema fimm til átta stjórnsýsluhindranir á ári hverju.

Markmiðið var áður að afnema átta til tólf hindranir. Það er lyklatriði að efla vinnuna við að afnema og fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir til að framtíðarsýnin um Norðurlöndum sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims verði uppfyllt. Þess vegna þarf að efla starfsumboð Stjórnsýsluhindranaráðsins, meðal annars með háu mælanlegu markmiði um hversu margar stjórnsýsluhindranir skuli afnumdar á ári hverju.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að efla umboð Stjórnsýsluhindranaráðsins með því að efla og setja vinnu við afnám stjórnsýsluhindrana í forgang og koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir verði til.

Eft umboð fulltrúa Stjórnsýsluhindranaráðsins í þeim tilgangi að hraða á og efla vinnu við afnám stjórnsýsluhindrana fyrir fólk og fyrirtæki sem starfa á Norðurlöndum krefst aukins stuðnings innanlands frá öllum norrænu ríkisstjórnunum, bæði meðal ráðherra og embættismanna.

Stjórnsýsluhindranaráðið hefur frá stofnun þess árið 2014 haft árangursmiðað umboð sem felur í sér að fjöldi afnuminna stjórnsýsluhindrana á að endurspegla pólitískan vilja í löndunum, þeirra sem geta afnumið stjórnsýsluhindranirnar og hvernig fulltrúar Stjórnsýsluhindranaráðsins vinna með virkum hætti í löndunum að afnámi þeirra.

Til að fjölga afnumdum hindrunum á ári og afnema aftur 8-12 stjórnsýsluhindranir á ári þarf pólitískan vilja og stuðning embættismannakerfisins í öllum norrænu löndunum.

Þórshöfn, 8. apríl 2024

Stein Erik Lauvås (A)

Gunilla Carlsson (S)

Jani Kokko (sd)

Kim Aas (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Lars-Christian Brask (LA)

Mikael Lindholm (ÅC)

Sandra Listerby (Lib)

Hanna Räsänen (C)

Lars Püss (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Lulu Ranne (saf)

Vilhelm Junnila (saf)

Erling Eidesgaard (T)

Gisle Meininger Saudland (FrP)